



27. janúar 2023

Tilv.: 2201259

Númer: 2/2023

Dreifibréf til lífeyrissjóða

Efni: Ráðning framkvæmdastjóra lífeyrissjóða

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (fjármálaeftirlitið) fylgist með að starfsemi lífeyrissjóða sé í samræmi við lög, reglugerðir og reglur og þær samþykktir sem um starfsemina gilda og að starfsemin sé að öðru leyti í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti, sbr. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og 1. mgr. 44. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Í lögum nr. 129/1997 eru lagðar ríkar skyldur á stjórnir lífeyrissjóða. Meðal þeirra skyldna er krafa um að þær ráði framkvæmdastjóra, ákveði laun og ráðningarkjör hans eða þeirra samkvæmt sérstöku erindisbréfi, sbr. 1. tölul. 3. mgr. 29. gr. laganna.

Fjármálaeftirlitið telur að samkvæmt orðanna hljóðan felist í ákvæðinu krafa um beint ráðningarsamband á milli framkvæmdastjóra og lífeyrissjóðs. Slíkt ráðningarsamband þurfi jafnframt að fela í sér að framkvæmdastjóri lúti boðvaldi stjórnar, enda ber stjórn lífeyrissjóðs ábyrgð á að starfsemi sjóðsins sé í samræmi við gildandi rétt og samþykktir sjóðsins sbr. 1. mgr. 29. gr. laganna.

Í þeim tilvikum sem lífeyrissjóðir útvista stórum hluta starfsemi sinnar til þriðja aðila er ekki síður mikilvægt að stjórnir viðkomandi sjóða hafi ráðið framkvæmdastjóra. Þá er rétt að taka fram, að slík útivistun kemur ekki í veg fyrir þá skyldu sem hvílir á stjórnnum lífeyrissjóða til að ráða framkvæmdastjóra skv. áðurnefndu ákvæði og þá verður þeirri ábyrgð ekki útvistað til þriðja aðila. Að mati fjármálaeftirlitsins er brýnt að lífeyrissjóðir búi yfir nægjanlegri þekkingu og getu til að sinna fullnægjandi eftirliti með útvistuðum verkefnum og því sé mikilvægt að framkvæmdastjóri sé til staðar sem geti sinnt því hlutverki. Í ljósi flókins umhverfis og krafna sem finna má í umhverfi lífeyrissjóða er mikilvægt að framkvæmdastjóri, hafi beint boðvald yfir útvistuðum verkefnum og heyri í störfum sínum eingöngu undir stjórn viðkomandi sjóðs. Þá telur fjármálaeftirlitið jafnframt mikilvægt, að við skipun framkvæmdastjóra sé m.a. litið til þeirrar hættu sem kann að vera á hagsmunaárekstrum og hún lágmrökuð, eftir því sem kostur er.

Fjármálaeftirlitið er upplýst um að tilteknir lífeyrissjóðir hafi til þessa útvistað meðal annars stöðu framkvæmdastjóra og að stjórnir þeirra hafi því ekki gert ráðningarsamning við viðkomandi framkvæmdastjóra. Með vísan til framangreinds hyggst fjármálaeftirlitið gera þá kröfu að þeir lífeyrissjóðir sem útvistað hafa stöðu framkvæmdastjóra til þriðja aðila og ekki sjálfir ráðið í þá stöðu, ráði sér framkvæmdastjóra í samræmi við skýrt ákvæði 1. tölul. 3. mgr. 29. gr. laganna. Fjármálaeftirlitið telur að í þessu felist breytt stjórnarsýsluframkvæmd og þykir því

SEÐLABANKI ÍSLANDS

rétt að upplýsa lífeyrissjóði um áform fjármálaeftirlitsins að þessu leyti til að gefa þeim lífeyrissjóðum sem breytingin snertir nægjanlegt svigrúm til að gera nauðsynlegar ráðstafanir.

Þá hvetur fjármálaeftirlitið lífeyrissjóði til að koma á framfæri sjónarmiðum vegna framangreindrar breyttrar stjórnsýsluframkvæmdar og spurningum ef einhverjar eru, þó eigi síðar en 17. mars 2023.

Í kjölfarið og að framangreindu virtu mun fjármálaeftirlitið taka sjónarmið lífeyrissjóða til skoðunar við útfærslu á því hvernig best verður að því staðið að framfylgja áðurnefndum lagakröfum og æskilegan innleiðingartíma.

Fjármálaeftirlitið mun svo eftir atvikum taka til sérstakrar skoðunar hvernig stakir lífeyrissjóðir munu bregðast við framangreindu, þar sem réttur þeirra til andmæla skv. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 verður virtur.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS
Fjármálaeftirlit

Gísli Óttarsson
framkvæmdastjóri
Varúðareftirlit banka, lífeyrissjóða
og váttryggingafélaga

Erla Eyjólfsdóttir
sérfræðingur
Eftirlitsumsjón

